

um hlutverk Seðlabankans.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt“.

Greinargerð.

Það er kunnara en segja þurfi, að atvinnuleysi fer nú vaxandi víða um land, og er bersýnilegt, að það verður ekkert stundarfyrirbrigði, ef ekki verða skjótlega gerðar ráðstafanir til úrbóta. Vafalaust eru það ýmsar ástæður, sem valda þessu, en ein hin allra veigamesta er sú, að atvinnufyrirtækin hafa um langt skeið átt við mikinn lánsfjárskort að búa, jafnt skort á rekstrarfé og stofnfé. Þau hafa því orðið að draga saman reksturinn og sum orðið að gefast alveg upp.

Hinn mikli lánsfjárskortur, sem atvinnuvegirinn hafa búið við seinustu árin, stafar að miklu leyti af því, að Seðlabankinn hefur ekki verið látinn fylgja þeirri stefnu, sem lög hans þó ætla honum. Um hlutverk bankans segir svo í lögum um hann frá 24. marz 1961:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“

Þrátt fyrir þessi skýlausu ákvæði seðlabankalaganna um þjónustu hans við atvinnuvegina hefur hann dregið úr henni stórlega hin síðari ár, þrátt fyrir sívaxandi lánsfjárskort þeirra. Bankinn endurkeypti áður 67% af framleiðsluvixlum sjávarútvegsins, en kaupir nú aðeins 55%. Kaup hans á framleiðsluvixlum landbúnaðar hafa einnig hlutfallslega stórminnkað. Á sama tíma hefur hann svo þrengt að viðskiptabönkum og sparisjóðum með því að heimta af þeim ákveðinn hluta innlagðs sparifjár og frysta það. Samkvæmt síðustu Hagtiðindum nam þetta bundna sparifé í nóvemberlok s. l. hvorki meira né minna en 1872.2 millj. kr. Þetta hefur þrengt stórkostlega að viðskiptabönkum og gert þeim með öllu ókleift að veita atvinnufyrirtækjunum fullnægjandi þjónustu hvað snertir rekstrarfé. Afleiðingarnar hafa orðið þær, að fyrirtækin hafa lent í vaxandi vanskilum, enda munu vanskil í viðskiptum óvída eða hvergi vera meiri en hér á landi um þessar mundir. Ekkert fyrirtæki getur hins vegar til lengdar byggt rekstur sinn á vanskilum, og þrautalendingin hefur orðið sú að draga úr rekstrinum eða hætta honum alveg. Stefna Seðlabankans, sem hann að sjálfsögðu hefur fylgt að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar, hefur þannig sett stimpil vanskila og samdráttar á íslenskt atvinnulíf og viðskiptahætti.

Það er því ekki síðar vænna, að Alþingi gripi hér í tauma og krefjist þess, að Seðlabankinn hætti að bregðast því aðalhlutverki sínu að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt“.

Bregðist Seðlabankinn til lengdar þessu meginhlutverki sínu, er vanskilum, óreiðu, atvinnuleysi og skorti boðið heim,